

Sb.

34. Tillaga

til þingsályktunar um yfirlæknisstöðuna við geðveikrahælið á Kleppi.

Flutningsmaður: Jón Þorláksson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina:

Að gera tafarlaust ráðstafanir til, að dr. med. Helgi Tómasson verði aftur settur inn i yfirlæknisstöðuna við geðveikrahælið á Kleppi.

Greinargerð.

Tillaga til þál. um þetta sama efni var flutt á Alþingi 1930. Var hún afhent til prentunar i skrifstofu Alþingis skömmu áður en þingið var kvatt saman á Þingvöllum. Er till. prentuð sem þskj. 590 i A-deild Alþt. 1930. En till. var aldrei útbýtt meðal þingmanna á fundi, þrátt fyrir skýlaus fyriræli þar um i 29. gr. laga um þingsköp Alþingis frá 3. nóv. 1915.

Till. fylgdi greinargerð, sem prentuð er hér aftan við. Visa ég til hennar i öllum aðalatriðum. Og þótt svo hafi nú til tekizt, ríkisstjórninni að þakkarlausu, eftir því sem ég bezt veit, að dr. Helgi er enn ófarinn úr landi, þá er öll hin sama nauðsyn enn fyrir hendi til aðgerða i þessu efni, sem var á siðastliðnu sumri. Mér hefir þó eigi þótt ástæða til að endurtaka áskorun til ríkisstjórnarinnar um að leggja fyrir Alþingi frv. til laga, er tryggi dr. Helga þessa stöðu, sakir þess, að ég mun bera slikt frv. fram sjálfur, ef stjórnin gerir það ekki af sjálfdáðum.

Greinargerð fyrir till. frá 1930 er svo hljóðandi:

»Hinn 30. apríl þ. á. var dr. med. Helga Tómassyni fyrirvaralaust visað úr yfirlæknisstöðunni við geðveikrahælið nýja á Kleppi með bréflægri skipun frá dómismálaráðuneytinu. Engar sakir voru tilgreindar, og við afhendingu sjúkrahússins daginn eftir vottaðist það, að yfirlæknirinn hafði staðið þryðilega i stöðu sinni.

Dr. med. Helgi Tómasson lauk prófi i læknisfræði við háskólann i Kaupmannahöfn árið 1922. Síðan vann hann samtals rúm 5 ár á ýmsum sjúkrahúsum fyrir geðbillað og taugaveiklað fólk, aðallega i Danmörku. Auk þess vann hann rúmt ár á stóru sjúkrahúsi i Kaupmannahöfn (Bispebjerg Hospital) við almennar lyfjalækningsr og handlækningar. Frá þessu tímabili liggja eftir hann ýmsar vísindalegar ritgerðir um efni úr sérfræðigreinum hans (geðsjúkdómum og taugasjúkdómum), og árið 1927 var hann sæmdur doktorsnafnbót við Kaupmannahafnarháskóla fyrir ritgerð um »Blodets Elektrolyter og det vegetative Nervesystem« og hlaut óvenjulega lofleg ummæli við það tækifæri.

Haustið 1925 samdist svo um milli Helga Tómassonar og þáverandi forsætisráðherra, Jóns heitins Magnússonar, eftir tillögum landlæknis, að Helgi yrði læknir við nýja spítalann á Kleppi, þegar hann væri fullgerður, gegn

sömu launakjörum og læknarnir við gamla sjúkrahúsið á Kleppi og heilsu-
hælið á Víflsstöðum. Hingað til lands kom dr. Helgi í marz 1928, og tók þá
við umsjón með útbúnaði sjúkrahússins, en áður hafði hann aðstoðað lands-
stjórnina með leiðbeiningum um herbergjaskipun og tilhögun hússins. Sjúkra-
húsið tók svo til starfa undir stjórn hans um mánaðamótin marz-apríl 1929.

Dr. Helgi Tómasson hefir þannig menntun í sérfræðigreinum sínum,
geð- og taugasjúkdómum, langt umfram alla aðra íslenzka lækna. En einnig
á öðrum sviðum læknisfræðinnar skarar hann fram úr, og mun það nokkuð
almenn skoðun meðal lækna í Reykjavík, að hann sé sem stendur einn hinna
lærðustu lækna vor á meðal, og auk þess gæddur óvenjulega skarpri athug-
unargáfu og dómgreind.

Nú liggur við borð, að dr. Helgi flytji alfarinn af landi burt vegna
áðurnefndra aðgerða dómsmálaráðuneytisins. Það er auðvitað eitt af ætlunar-
verkum hvernar ríkisstjórnar, að beitast fyrir því, að íslenzkir úrvalsmenn
gangi fyrir öllum öðrum til starfa í þágu alþjóðar hér á landi. Bæði fyrr-
verandi og núverandi stjórn hafa viðurkennt þetta í verkinu, m. a. með þeim
ráðstöfunum, sem gerðar voru fyrirfram til þess að tryggja landinu starfs-
krafta dr. Helga við hið nýja geðveikrahæli. En þá er alveg ófugt að farið,
ef eitthvert ráðuneytið gerist til þess að hrekja úrvalsmenn þjóðarinnar úr
landi, og verður að krefjast þess af ríkisstjórninni í heild, og þá sérstaklega
af forsætisráðherranum, að komið sé í veg fyrir þetta.

Málefni þetta þolir ekki bið til næsta reglulegs Alþingis, því að þá
mun dr. Helgi verða farinn til útlanda, ef ekkert verður að gert. Verður þetta
mál því að fá afgreiðslu nú á þessu þingi, þótt komið sé nálægt þingslitum
og hátiðahöld standi yfir, enda mun væntanlega enginn óska eftir því, að Al-
þingi minnst þessa afmælis síns með því að vikjast undan afgreiðslu aðkall-
andi nauðsynjamála.